

Fundargerð í tengslum við mögulegar úrbætur á eftirfarandi svæði: **Gjáin og fossar í Fossá í Þjórsárdal, Gnúpverjahreppi** (nr. 731 á náttúruminjasrá), þann 25.09.2017 kl. 15:00.

Mættir voru:

Agnar Bragi Bragason  
Einar Bjarnason  
Eva B. Sólán Hannesdóttir  
Kristófer A. Tómasson

Í fjarfundarbúnaði: Hákon Ásgeirsson

Fjarverandi: Ólafur A. Jónsson

Kristófer og Einar komu á fund fulltrúa Umhverfisstofnunar til að fara yfir mögulegar úrbætur á Gjánni í Þjórsárdal. Umhverfisstofnun barst erindi Kristófers, sveitastjóra Skeiða -og Gnúpverjahrepps hinn 7. september sl. þar sem hann lýsti áhuga f.h. umhverfisnefndar sveitarfélagsins á að óska eftir friðlýsingu á Gjánni í Þjórsárdal sem og óskaði eftir upplýsingum um hvernig lokun svæða skv. 25. gr. a. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd virkaði.

Kristófer og Einar lýstu áhyggjum sínum yfir ástandi svæðisins sem þeir segja illa farið sökum aukinnar umferðar ferðamanna og lakra innviða. Ágangur ferðamanna hafi aukist umtalsvert á fáeinum árum, ekki síst í kjölfar töku þáttaraðarinnar Game of Thrones á svæðinu. Stígur hafi verið troðnir út um allt svæðið svo að stórsjái á gróðri. Þá sé salernisaðstöðu ábótavant, salerni séu fá og að finna megi salernispappír í runnum víða um svæðið.

Eva greindi frá ástandsmati fyrir svæðið, unnið af Jóni Smára Jónssyni. Svæðið er undir álagi og hnignun fyrirséð án aðgerða.

Agnar greindi frá því að Umhverfisstofnun annast einkum minniháttar framkvæmdir við afmörkun stíga og merkingar með það að markmiði að bæta ásýnd svæðisins og beina fólki réttar brautir.

Hákon sagðist einnig hafa skoðað svæðið og taldi, líkt og Jón Smári, þörf á að koma á stýringu á svæðinu. Hákon greindi frá ýmsum kostum í stöðunni. Lagði einkum til aðgangsstýringu með skiltum og kaðlagirðingum sem og að loka villustígum. Þá væri mögulegt að eftirlitsmaður á vegum Umhverfisstofnunar færi um svæðið 2svar í mánuði.

Eva greindi frá ákvæði 25. gr. a. nvl. Í ákvæðinu er að finna heimild til handa Umhverfisstofnun til skyndilokunar svæða, þ.e. heimild til að bregðast skjótt við ef sérstakar aðstæður skapa verulega hættu á tjóni af völdum umferðar. Takmörkunin samkvæmt ákvæðinu skal að jafnaði ekki standa lengur en tvær vikur en heimilt er að framlengja hana ef nauðsyn krefur og er þá krafist staðfestingar ráðherra.

Agnar nefndi úrhellistíð samtímis miklum ágangi ferðamanna við Skógarfoss sem dæmi um við hvaða aðstæður ákvæðinu hefði verið beitt.

Afstaða Kristófers og Einar til stýringar ferðamanna með uppsetningu kaðlagirðinga og leiðbeinandi skiltum eftir þörfum var mjög jákvæð. Kristófer sagði sveitarfélagið vera að útbúa

skilti og að hann myndi fá verktaka til setja niður staura fyrir girðingar, sem og útvega tjörguð reipi. Ákveðið var að láta reyna á vægi aðgangsstýringar með þessum hætti áður en lokun svæðisins kæmi til frekari skoðunar.

Hákon lagði til að Jón Smári yrði sveitarfélaginu ráðgefandi varðandi fyrirkomulag/staðsetningu skilta og girðinga. Var tekið jákvætt í tillöguna og Jón Smári verður beðinn um að vera í sambandi við Kristófer þegar hann kemur úr fríi í næstu viku.

Að lokum var rætt um afstöðu sveitarfálgsins til friðlýsingar svæðisins. Kristófer sagði áhuga fyrir slíkum farvegi. Hákon greindi frá mismunandi friðlýsingarflokkum og Kristófer sagði að sveitarfélagið myndi setjast yfir þau mál.

Fundi var slitið kl. 15:40.